



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 4. febrúar 2019

USK2018080004

8.0

Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stöðu innkaupa á smáhýsum  
- Tilvísun í mál R18080115***

BORGARRÁÐ 25. október 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stöðu innkaupa á smáhýsum:

Hver er staðan á innkaupum á smáhýsum sem borgarráð samþykkti að leggja í á fundi þann 20. september 2018?

Hafa einhver tilboð borist?

Hefur verið leitað eftir tilboðum og ef svo er, hjá hvaða fyrirtækjum?

Hefur verðsamanburður farið fram?

Við hvaða aðila er verið að semja um innkaupin?

Hver er þá kostnaður við eitt smáhýsi?

Hver er stærð smáhýsanna?

Svör:


Þann 27. október 2018 auglýsti Reykjavíkurborg útboð nr. 14349 "Smáhýsi fyrir velferðarsvið." Um var að ræða opið alútbóð sem auglýst var á Evrópska efnahagssvæðinu. Skiladagur tillagna og tilboða var þann 3. desember 2018. Alls bárust tillögur og tilboð frá 11 aðilum.

Þar sem um alútbóð var að ræða var skipuð sérstök matsnefnd til að leggja mat á innsendar tillögur áður en verðtilboð yrðu opnuð. Matsnefnd var skipuð fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði og velferðarsviði ásamt ráðgjafa. Matsnefnd fór yfir allar tillögur samkvæmt matskerfi sem skilgreint var í útboðsgögnum. Matshópur fékk allar tillögur óauðkennanlegar til að leggja á þær hlutlaust mat.

Við yfirferð á innsendum tillögum kom í ljós að engin tillaga uppfyllti kröfur útboðsgagna þar sem annað hvort skorti gögn eða að tillögur voru ekki í samræmi við verklýsingu. Á grundvelli 82. gr. laga um opinber innkaup hefur því verið ákveðið að hafna öllum tillögum sem bárust. Verðtilboð þeirra aðila sem skiluðu tilboðum verða því ekki opnuð. Áætlað hefur verið að heildarkostnaður við eitt smáhýsi sé um 20 mkr. en tilboðsverð í framleiðslu liggja ekki fyrir. Stærð hvers smáhýsis er 25 - 30 m<sup>2</sup>.

Ákveðið hefur verið að bygging smáhýsa verði boðin út í hefðbundnu framkvæmdaútbóði á grundvelli hönnunar sem umhverfis- og skipulagssvið lætur vinna í samráði við velferðarsvið. Áætlað er að slíkt útbóð geti farið fram innan 3-4 vikna. Fyrstu smáhýsin gætu þá verið tilbúin úr framleiðslu í júlí/ágúst 2019.

Á fundi borgarráðs hinn 17. janúar 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts og nýrrar lóðar við Héðinsgötu 8. Þar er gert ráð fyrir allt að 5 smáhýsum. Þessi lóð er sú fyrsta sem samþykkt er fyrir staðsetningu smáhýsa í borgarlandinu. Áfram er unnið að staðarvali fyrir allt að 4 aðrar staðsetningar sem auglýsa þarf deiliskipulag fyrir.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds